

Framboð til gjaldkera Sálfræðingafélags Íslands

Ég, Álfheiður Guðmundsdóttir, býð mig fram til gjaldkera Sálfræðingafélags Íslands.

Ég lauk BA gráðu í sálfræði frá Háskóla Íslands árið 2005 og stundaði framhaldsnám við Leiden Universiteit í Hollandi og Háskóla Íslands. Starfsleyfi fékk ég í ársbyrjun 2012 og hef síðan starfað hjá Reykjavíkurborg, í Miðgarði, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness og á Þjónustumiðstöð Breiðholts. Þar hef ég starfað við skólaþjónustu og sinnt málum við leik-, grunn- og framhaldsskóla.

Ég hef einnig verið virk í starfi fagdeildar sálfræðinga við skóla innan Sálfræðingafélags Íslands og hef setið þar í stjórn frá árinu 2017, nú síðast sem formaður. Meðal verkefna minna í stjórninni er að sitja fundi með aðilum ýmissa stofnana, skipuleggja ráðstefnur og samskipti og samstarf við norræn samstarfsfélög. Enn fremur hef ég verið trúnaðarmaður sálfræðinga hjá Reykjavíkurborg síðastliðin fimm ár og samhliða setið í samninganefnd Sálfræðingafélags Íslands við Reykjavíkurborg vegna kjaramála.

